

Sjálfsmatsskýrsla

Sjálandsskóla 2019-2020



Inngangur

Sjálandsskóli í Garðabæ tók til starfa haustið 2005. Skólinn er í útjaðri Sjálandshverfis við Arnarnesvoginn. Samkvæmt lögum um grunnskóla er það markmið grunnskóla að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Með framangreint að leiðarljósi er hugmyndafræði Sjálandsskóla byggð. Skólahúsnæði Sjálandsskóla er sveigjanlegt og í starfinu er lögð áhersla á einstaklingsmiðað skólastarf og samvinnu nemenda.

Lykill að farsælu skólastarfi er að skapa samhug meðal starfsmanna skólans, foreldra og nemenda um skólastefnu. Að frumkvæði skólaskrifstofu Garðabæjar var ákveðið að Sjálandsskóli yrði þátttakandi í Skólapúlsinum en það er samræmt kannanakerfi sem hefur það markmið að útvega skólastjórnendum og skólaskrifstofum áreiðanleg, langtímamiðuð, samanburðarhæf og aðgengileg gögn um mikilvæga þætti í skólastarfinu. Árlega er lögð fyrir könnun fyrir nemendur, annað hvert er lögð fyrir foreldrakönnun (síðast 2019) og annað hvert ár er lögð fyrir starfsmannakönnun sem var gert vorið 2020. Þá var einnig lögð fyrir ein starfsmannakönnun á skólaárinu í tengslum við starfsmannasamtöl en það er gert í gegnum „google drive“. Skólastjórnendur fara árlega í kennslustundaráyni (e.lesson study) en þar eru kennslustundir rýndar sem er liður í innra mati skólans og mikilvægur þáttur í faglegu þróunarstarfi skólans.

Skólapúlsinn

Aðferð

Á vef [Skólapúlsins](#) er að finna upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir kannanakerfisins. Líkt og undanfarin ár var kannað ýmislegt sem varðar líðan nemenda og starfsmanna til skólastarfsins. Lögð var fyrir ein starfsmannakönnun í gegnum google drive. Starfsmenn höfðu val um að svara könnunni skriflega eða í gegnum kerfið. Könnunin var lögð fyrir í janúar og var um leið einnig undirbúningur fyrir starfsmannasamtölin sem fram fóru á sama tíma. Allir starfsmenn svöruðu könnuninni.

Niðurstöður

Í þessari skýrslu eru helstu niðurstöður kannana. Nemendakönnunin fer fram í ~40 nemenda úrtökum sem dreift er samhverf yfir skólaárið þar sem fjöldi úrtaka fer eftir stærð hvers skóla fyrir sig. Þannig er hægt að skoða þróun einstakra þátta yfir langan tíma. Öryggismörk í marktektarprófum voru 95%. Lágmarksvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Niðurstöður bæði nemenda og starfsmannakönnunar teljast marktækar.

Almenni hluti starfsmannakönnunar Skólapúlsins metur 20 þætti, þ.á.m. vinnuálag, áskoranir í starfi, stuðning frá yfirmanni, samband vinnu og einkalífs, starfsanda, einelti og áreiti. Kennarahluti könnunarinnar metur 23 þætti til viðbótar. Könnunin samanstendur af próffræðilega sannreyndum mælikvörðum úr QPS Nordic starfsmannakönnuninni. Könnunin var framvæmd í febrúar/mars 2020.

Starfsmannakönnunin

Niðurstöður starfsmannakönnunar var ánægjulegar en að þessu sinni eru niðurstöður úr Skólapúlsinum og könnun sem stjórnendur framkvæmdu hana á skólaárinu í gegnum „google drive“.

Niðurstöður Skólapúlsins

Niðurstöður einstakra matspáttanna eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá *1,5 stig og meira telst mikill munur. * Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn í aftasta dálki fyrir aftan nafn þáttarins stjörnumerktur og með **bláum stöfum +/- X,X**. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu.

Matsþættir:

Starfsmannakönnun

Niðurstöður starfsmannakönnunar eru ánægjulegar. Niðurstöður Skólapúlsins ber að nokkru leiti saman við niðurstöður sem stjórnendur framkvæmdu á skólaárinu í gegnum „google drive“. Kennarar voru almennt ánægðari með starfið, starfsandann og skólastarfið í könnun stjórnenda.

Niðurstöður Skólapúlsins

Niðurstöður einstakra matspáttanna eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá *1,5 stig og meira telst mikill munur. * Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn í aftasta dálki fyrir aftan nafn þáttarins stjörnumerktur og með **bláum stöfum +/- X,X**. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu.

Matsþættir:

1. Allir starfsmenn – Almennt m.v. landið

- Starfsmenn meta vinnuálag í skólanum töluvert meira en almennt gerist (1,0*)
- Starfsmenn telja skýrleika hlutverks svipað og almennt gerist (0,3)

2. Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans m.v. landið

- Starfsmenn telja sig svipað leikna í starfi og almennt gerist (-0,3)
- Starfsmenn tengjast vinnustaðnum svipað og almennt gerist (0,4*)

3. Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans m.v. landið

- Starfsánægja í skólanum er nokkuð meiri en almennt gerist (0,7*)
- Starfsandi innan skólans er svipaður og almennt gerist (0,4)
- Stuðningur samstarfsmanna er svipaður og almennt gerist (0,3)
- Stuðningur við nýsköpun er nokkuð meiri en almennt gerist (0,8*)
- Tíðni eineltis meðal starfsfólks er -0,4% lægra en almennt gerist
- Ánægja með stjórnun skólans er töluvert meiri en almennt gerist (1,0*)
- Upplýsingastreymi innan skólans er meira en almennt gerist (0,9*)
- Starfsmenn telja tarfsumhverfi betra en almennt gerist (0,9*)
- Gagnsemi starfsmannansamtala er 1,4% meiri en almennt gerist
- Tíðni eineltis meðal starfsfólks er -7,38% lægra en almennt gerist

4. Allir starfsmenn – Viðhorf til skólans m.v. landið

- Stuðningur frá næsta yfirmanni er nokkuð meiri en almennt gerist (0,8*)
- Starfsmenn meta forystu skólans nokkuð sanngjarnari en almennt gerist (0,6*)
- Starfsmenn telja forystu skólans nokkuð meira valdeflandi en almennt gerist (0,8*)
- Starfsmenn telja forystu skólans rækta mannauðinn nokkuð meira en almennt gerist (0,5*)
- Starfsmenn meta gagnsemi starfsmannaviðtala 0,8% meira en almennt gerist

5. Kennarar – Kennarastarfið m.v. landið

- Ánægja með kennarastarfið er svipað og almennt gerist (-0,7)
- Trú kennara skólans á eigin getu er nokkuð meira en almennt gerist (0,7*)
- Upplýsingamiðlun til foreldra er töluvert meira en almennt gerist (1,1*)
- Undirbúningur kennslu fer oft fram í skólanum en almennt gerist (2%)
- Hópvinnu í bekk er óalgengari en almennt gerist (-12,8%)
- Einstaklingsmiðuð kennsla er töluvert algengari en almennt gerist (10%)
- Áhersla kennara á námsmat með prófum er lægra en almennt gerist (-9,3%)
- Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum er nokkuð meira en almennt gerist (-5,1%)

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara m.v. landið

- Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika er nokkuð meira en almennt gerist (0,7)
- Stuðningur við kennara vegna nemenda með hegðunarerfiðleika er nokkuð meiri en almennt gerist (0,6)
- Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara er nokkuð meiri og almennt gerist (0,5*)
- Samráð um kennslu er svipað og almennt gerist (0,5)
- Samvinna um kennslu er svipað og almennt gerist (-0,1)

7. Kennarar - Símenntun kennara m.v. landið

- Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár eru fleiri en almennt gerist (12,1%)
- Símenntunarpörf kennara er nokkuð minni og almennt gerist (-0,4*)
- Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun er töluvert minna en almennt gerist (9,9%)

Nemendakönnun

Matsþættir.

1. Virkni nemenda í skólanum m.v. landið

- Ánægja af lestri er svipuð og almennt gerist (0,3)
- Þrautseigja í námi er nokkuð meiri en almennt gerist (0,4*)
- Ánægja af náttúrufræði er svipuð og almennt gerist (0,0)
- Áhugi af stærðfræði er nokkuð meiri en almennt gerist (0,5*)
- Trú á eigin vinnubrögðum í námi er svipuð og almennt gerist (-0,1)
- Trú á eigin námsgetu er svipuð og almennt gerist (0,1)

2. Líðan og heilsa m.v. landið

- Nemendur hafa svipað sjálfsálit og aðrir nemendur á landinu (0,0)
- Nemendur hafa svipaða stjórn á eigin lífi og almennt gerist (-0,1)
- Tíðni eineltis hjá nemendum er minni en almennt gerist (-2,9%)
- Hreyfing nemenda er umtalsvert minni en almennt gerist (-13,2%*)
- Líðan nemenda er svipuð og almennt gerist (-0,2)

3. Skóla og bekkjarandi m.v. landið

- Nemendur samsama við nemendahópinn með sama hætti og almennt gerist (-0,1)
- Samband nemenda við kennara er nokkuð meiri en almennt gerist (0,4*)
- Virk þátttaka í tímum er svipuð og almennt gerist (0,0)
- Agi í tímum eru meiri en almennt gerist (0,2)
- Tíðni leiðsagnarmats er meiri en almennt gerist (0,3*)

Umræða

Niðurstöður Skólapúlsins 2019-2020 benda til þess skólagerð Sjálandsskóla hæfi áherslum aðalnámskrár og teymiskennsla og samstarf kennara um nám og kennslu sé öflugt.

Niðurstöður starfsmannakannana eru einstaklega ánægjulegar. Niðurstöður benda til að kennarar séu ánægðir í starfi, starfsandi er góður og þeir bera traust til stjórnenda. Niðurstöður annarra starfsmanna skólans bera saman við niðurstöður kennara. Þeir telja að þeir fái mikinn stuðning í starfi sínu frá stjórnendum, samstarfsfélögum og eru virkir í símenntun sinni. Kennarar eru nokkuð ánægðir með faglegan stuðning og endurgjöf frá skólastjórnendum. Þeir telja valddreifingu góða þeir upplifa að þeir taki þátt í ákvarðanatöku. Kennararnir telja að þeir fái góðan stuðning í vinnu með nemendur sem þurfa á sérkennslu og sérstökum stuðningi að halda. Kennarar telja álag í starfi nokkuð meira en almennt gerist. Kennara telja að ekki eigi sér stað einelti eða áreitni á vinnustaðnum.


Nemendur eru sömu leiðis almennt sælir. Þeim líður almennt vel og telja skóla- og bekkjarandann góðan og samband kennara og nemenda er gott. Það er ánægjulegt að sjá að nemendur hafa gaman af lestri en skólinn hefur lagt mikla áherslu á að efla læsi á öllum skólastigum á sl. tveimur skólaárum. Mikill áhugi er á stærðfræði og nemendur sína aukna þrautseigju í námi. Ánægjuleg niðurstaða er að tíðni eineltis er minni en almennt gerist á landinu og er það bæði mat nemenda og foreldra. Það veldur vonbrigðum að nemendur hreyfi sig töluvert minna en jafnaldrar þeirra.

Nemenda-, og starfsmannakannanir gefa til kynna að einelti sem minna en almennt gerist á landinu. Meðaltímabil eineltis mælist umtalsvert lægra en almennt gerist á landinu og sem gefur til kynna að fljótt er gripið inn í aðstæður og unnið að úrlausn þeirra sem koma upp.


Lesfimi Lesferils

Haustið 2017 var innleidd ný [lestrarstefna](#) í Sjálandsskóla. Lestrarstefnan var búin að vera í þróun frá haustinu 2016. Stefnan tekur á áherslum í lestrarkennslu, skimunum og íhlutunum. Hún verður í stöðugri þróun og tekur breytingum eftir því sem efni standa til. Lesfimiþróf eru lögð fyrir þrisvar yfir skólaárið, september, janúar og maí. Lesfimiþrófið er fyrsta prófið í svokölluðum Lesferli sem er safn matstækja sem Menntamálastofnun lætur skólum í té til að meta stöðu nemenda í læsi og fylgja eftir aðgerðum til umbóta. Niðurstöður fyrir einstaklinga og skólann í heild sinni í birt í Skólagátt. Lesfimi er færni sem byggir á lestrarnákvæmni, leshraða og hryrnænum þáttum tungumálsins en allir þessir þættir eru meðal undirstöðupáttar fyrir lesskilning. Eftirfylgni og áhersla skólans á lestur er mikil. Foreldrar hafa verið hvattir til að aðstoða börnin sín við heimalestur. Í undirgögnum skólans má sjá fylgni á milli heimalesturs og árangurs nemenda í lestri. Forráðamönnum og nemendum sem standa höllum fæti í lestrarhraða var boðið að taka þátt í lestrarátaki. Það var áberandi að þeir sem þáðu boðið fóru öllum fram í leshraða. Þátttaka forráðamanna er mikilvægur hlekkur til að nemendur nái árangri.


Skólinn mælir leshraða og skráir alla nemendur í öllum árgöngum inn á Skólagátt. Eins og sjá má á mynd 1., hefur skólinn sinnt skráningum og mælingum mjög vel.



Mynd 1. skráningarlutfall Sjálandsskóla í maí 2020




Mynd 2. Hlutföll nemenda eftir frammistöðu maí 2020




Mynd 3. Hlutföll nemenda eftir frammistöðu í maí 2019

Á mynd 2. má sjá hlutfall nemenda í hverjum bekk, skólaárið 2019-2020 sem náðu viðmiðum 1(gulur, 2 (grænn) og 3 (blár) og einnig hlutfall þess hóps sem ekki náðu lægstu viðmiðum (rauður) nú í maí. Stefnt er að því að einungis 10% nemenda falli í rauðan hóp. Mynd 2. Sýnir sömu upplýsingar skólaárið 2018-2019.



Mynd 4. Meðaltal lesinna orða og viðmið, maí 2020



Mynd 5. Meðaltal lesinna orða og viðmið, maí 2019

Á mynd 4., má sjá að flestir hópar hafa náð árangri skólarið 2019-2020. Mynd 5 sýnir sömu upplýsingar skólaárið 2018-2019.

Tafla 1. Meðaltal lesinna orða eftir árgöngum Sjálandsskóli /landið í maí 2020

Bekkur	Meðaltal lesinna orða í Sjálandsskóla	Meðaltal lesinna orða á öllu landinu
1	60	50
2	71	77
3	80	93
4	112	120
5	109	121
6	146	131
7	135	141
8	153	157
9	157	168
10	168	171

Tafla 2. Meðaltal lesinna orða eftir árgöngum Sjálandsskóli /landið í maí 2019

Bekkur	Meðaltal lesinna orða í Sjálandsskóla	Meðaltal lesinna orða m.v. Landið
1	45	49
2	74	75
3	92	92
4	111	117
5	138	119
6	127	127
7	132	138
8	139	155
9	162	162
10	196	168

Sjálandsskóli er með svipuð lesin orð á mínútu miðað við landið í flestum árgöngum. Betur má ef duga skal og á næsta skólaári verður enn aukið í áherslu skólans á lestur.

Samræmd próf

Lögð voru fyrir samræmd próf í 4. og 7. bekk í stærðfræði og í íslensku. 7.bekkur þreytti próf í íslensku 19. sept. og í stærðfræði 20. sept., 4. bekkur þreytti próf í íslensku 26. sept. og í stærðfræði 27. sept. Fyrirlögn prófa í 9.bekki fór fram dagana 10. mars í íslensku, 11. mars í stærðfræði og 12. mars í ensku. Fyrirlögn prófanna gengu vel hjá öllum árgöngum.

Hér eru birtar niðurstöður samræmdra könnunarprófa fyrir yngsta stig, miðstig og unglingastig. Töflurnar hér fyrir neðan sýna meðatal skólans (Einkunn), fjölda nemenda sem tóku þátt (N), breytingu skólans á viðkomandi prófi frá því í fyrra (Breyting), þróun árgangsins frá síðasta prófi (Þróun árgangs), meðaltal landsins (Landið), fjölda á landsvísu (N) og mismun milli meðaltals skólans og landsmeðaltals (Mismunur). Niðurstöður um mismun eru námundaðar að 0,1 stigi. Túlka má mismun milli meðaltala uppá 3 stig sem nokkurn mun, mun uppá 5 stig (hálf staðalfrávik) sem töluverðan mun og mun uppá 7 stig eða meira sem mikinn mun. Meðaltöl fyrir hóp eru einungis birt þegar fleiri en 10 nemendur í hópnum tóku þátt.

Hér má sjá helstu niðurstöður.


Yngsta stig

Tafla 1. *Yngsta stig íslenska 2019*

Námsþættir ↑ ↓	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
1.1. Yngsta stig íslenska: heild	30,6	30	-0,3	-	30	4.238	0,6
1.2. Yngsta stig íslenska: lesskilningur	31,9	30	0,3	-	30	4.238	1,9
1.3. Yngsta stig íslenska: málnotkun	26,7	30	-3,3	-	30	4.238	-3,3

Tafla 2. *Yngsta stig stærðfræði 2019*

Námsþættir ↑ ↓	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
2.1. Yngsta stig stærðfræði: heild	30,5	30	3,5	-	30	4.277	0,5
2.2. Yngsta stig stærðfræði: reikningur og aðgerðir	31,1	30	3,8	-	30	4.277	1,1
2.3. Yngsta stig stærðfræði: rúmfræði	29,5	30	2,1	-	30	4.277	-0,5
2.4. Yngsta stig stærðfræði: tölur og talnaskilningur	30,0	30	2,8	-	30	4.277	0,0



Mynd 1. Myndin sýnir hvernig meðaltöl skóla dreifast. Meðaltal skólans er merkt með dökkgrænum punkti og rauða línan sýnir landsmeðaltal. Munur uppá 3 stig telst ekki mikill munur, munur uppá 5 stig telst


Miðstig

Tafla 3. Miðstig íslenska 2019

Námsþættir ↑ ↓	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
3.1. Miðstig íslenska: heild	32,4	29	1,9	0,1	30	3.919	2,4
3.2. Miðstig íslenska: lesskilningur	32,6	29	1,2	1,3	30	3.919	2,6
3.3. Miðstig íslenska: málnotkun	32,3	29	3,2	0,5	30	3.919	2,3

Tafla 4 Miðstig stærðfræði 2019

Námsþættir ↑ ↓	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
4.1. Miðstig stærðfræði: heild	33,7	29	3,0	6,1	30	3.961	3,7
4.2. Miðstig stærðfræði: reikningur og aðgerðir	34,3	29	4,8	8,1	30	3.961	4,3
4.3. Miðstig stærðfræði: rúmfræði	34,1	29	1,8	2,1	30	3.961	4,1
4.4. Miðstig stærðfræði: tölur og talnaskilningur	30,8	29	0,2	2,6	30	3.961	0,8



Mynd 2. Myndin sýnir hvernig meðaltöl skóla dreifast. Meðaltal skólans er merkt með dökkgrænum punkti og rauða línán sýnir landsmeðaltal. Munur uppá 3 stig telst ekki mikill munur, munur uppá 5 stig telst töluverður munur og munur uppá 7 stig og meira telst mikill munur.

Unglingastig

Tafla 5. Unglingastig íslenska 2019


Námsþættir ↑ ↓	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
5.1. Unglingastig íslenska: heild	31,4	18	-0,4	-0,5	30	3.598	1,4
5.2. Unglingastig íslenska: lesskilningur	31,0	18	-0,5	-1,5	30	3.598	1,0
5.3. Unglingastig íslenska: málnotkun	31,8	18	-0,1	2,1	30	3.598	1,8

Tafla 6. Unglingastig stærðfræði 2019


Námsþættir ↑ ↓	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
6.1. Unglingastig stærðfræði: heild	27,2	17	-4,0	-2,6	30	3.611	-2,8
6.2. Unglingastig stærðfræði: reikningur og aðgerðir	25,5	17	-5,6	-4,8	30	3.611	-4,5
6.3. Unglingastig stærðfræði: rúmfræði	30,3	17	0,4	0,5	30	3.611	0,3
6.5. Unglingastig stærðfræði: hlutföll og prósentur	30,5	17	-2,4	-	30	3.611	0,5
6.6. Unglingastig stærðfræði: algebra	26,5	17	-2,9	-	30	3.611	-3,5

Tafla 7. Unglingastig enska 2019

Námsþættir ↑ ↓	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
7.1. Unglingastig enska: heild	32,2	17	-1,9	-	30	3.684	2,2
7.2. Unglingastig enska: lesskilningur	32,2	17	-0,5	-	30	3.684	2,2
7.3. Unglingastig enska: málnotkun	31,9	17	-2,7	-	30	3.684	1,9



Mynd 3. Myndin sýnir hvernig meðaltöl skóla dreifast. Meðaltal skólans er merkt með dökkgrænum punkti og rauða línan sýnir landsmeðaltal. Munur uppá 3 stig telst ekki mikill munur, munur uppá 5 stig telst töluverður munur og munur uppá 7 stig og meira telst mikill munur.



Mynd 4. Myndin sýnir hvernig meðaltöl skóla dreifast. Meðaltal skólans er merkt með dökkgrænum punkti og rauða línan sýnir landsmeðaltal. Munur uppá 3 stig telst ekki mikill munur, munur uppá 5 stig telst töluverður munur og munur uppá 7 stig og meira telst mikill munur.

Viðbrögð við niðurstöðum

Í 4. bekk eru niðurstöður í íslensku góðar. Árangur nemenda 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku hefur verið yfir landsmeðaltali frá 2016. Við síðustu mælingu fór árangurinn líttillega niður á við og er árgangurinn er enn yfir meðaltali (30,6). Lesskilingur eru töluvert yfir landsmeðaltalið eða 31,9. Þar vekur meðal annars

eftirtekt að árangur drengja í lesskilningi er meiri en stúlkna. Málnotkun er áhyggjuefni og þar eru stúlkur einnig lakari en drengir í árgangnum. Árangur í stærðfræði jókst nokkuð 2017 og fór yfir landsmeðaltal en við síðustu mælingu 2018. Það er ánægjulegt að breyting á milli ára er upp á við og skólinn er yfir landsmeðaltali 30,5.

Í 7. bekk er árangur í íslensku mjög góður eða heildareinkunn 32,4. Árgangurinn kemur vel út í lesskilningi eða 32,6 og í málnotkun 32,3. Árangur 7. bekkjar í íslensku hefur verið nokkuð breytilegur og verið yfir landsmeðaltali nema 2016 þegar hann dalaði og fór undir meðaltal. Þá hefur árgangurinn sýnt framfarir á milli mælinga í samræmdum prófum frá 4 – 7. bekkjar. Árangur í stærðfræði hefur verið við eða yfir landsmeðaltali í síðustu mælingum og mældist síðast 2018 rétt við meðaltal. Í ár er árgangurinn einstaklega góður en heildareinkunn er 33,7. Það er athyglisvert að skoða framfarir nemenda í stærðfræði á milli mælinga.

Í 9. bekk er árangur í íslensku mjög góður en árgangurinn er með 31,4 í heildareinkunn. Nemendur eru jafnvígir í lesskilning eða 31,0 og í málnotkun 31,8. Árgangurinn í stærðfræði er undir landsmeðaltali eða 27,2. Það er nokkuð undir væntingum. Í ensku er árangur nemenda mjög góður en heildareinkunn er 32,2.

Viðbrögð við þessum niðurstöðum eru tvímælalaust að halda áfram að þróa það fyrirkomulag sem er í ríkir í Sjálandsskóla. Niðurstöður nemenda sem eru undir meðaltali verða skoðaðar og gerð einstaklingsmiðuð áætlun út frá einstökum prófþáttum og heildarniðurstöðum.

Lokaorð

Kannanir eru af hinu góða og æskilegt að skólar hafi aðgang að kerfi sem bregður ljósi á viðhorf helstu hagsmunaðila til skólastarfsins. Ígrunda þarf vel hvernig hægt er að tengja saman svörun þessara hópa til þess að þróa skólastarfið enn frekar. Niðurstöður verða nýttar til að bæta starfið og hlúa þeim þáttum sem koma vel út. Þá er beðið með eftirvæntingu eftir niðurstöðum úr ytra mati Menntamálstofnunar en þær niðurstöður verða nýttar til umbóta og er hvati til enn frekari þróunarvinnu í Sjálandsskóla.

F.h. Sjálfsmatsteymis Sjúlandsskóla:

Edda Björg Sigurðardóttir, skólastjóri.